Stolt/dramb og ótti *** Auðmýkt og trú

1Pét 5:5 Og þér, yngri menn, verið öldungunum undirgefnir og skrýðist allir lítillætinu hver gagnvart öðrum, því að Guð stendur gegn dramblátum, en auðmjúkum veitir hann náð. -6- Auðmýkið yður því undir Guðs voldugu hönd, til þess að hann á sínum tíma upphefji yður. -7- Varpið allri áhyggju yðar á hann, því að hann ber umhyggju fyrir yður. -8- Verið algáðir, vakið. Óvinur yðar, djöfullinn, gengur um sem öskrandi ljón, leitandi að þeim, sem hann geti gleypt. -9- Standið gegn honum, stöðugir í trúnni, og vitið, að bræður yðar um allan heim verða fyrir sömu þjáningum. -10- En Guð allrar náðar, sem hefur kallað yður í Kristi til sinnar eilífu dýrðar, mun sjálfur, er þér hafið þjáðst um lítinn tíma, fullkomna yður, styrkja og öfluga gjöra.

Esekíel 28 og 31 – Fallið í byrjun / Fyrsta syndin á himnum.

Dan 5:18-20

Þú konungur! Guð hinn hæsti veitti Nebúkadnesar föður þínum ríki, vald, vegsemd og tign. -19- Og sökum þess veldis, sem hann hafði veitt honum, hræddust hann allir lýðir, þjóðir og tungur, og stóð þeim ótti af honum. Hann tók af lífi hvern sem hann vildi og hann lét lífi halda hvern sem hann vildi, hann hóf hvern er hann vildi og hann lægði hvern er hann vildi. En er hjarta hans metnaðist og hugur hans gjörðist ofdrambsfullur, þá var honum hrundið úr konungshásætinu og tignin tekin frá honum.

Esk 16:49

Sjá, synd Sódómu systur þinnar var ofdramb. Hún og dætur hennar höfðu gnótt matar og lifðu góðu lífi í makindum, en réttu þó ekki hinum voluðu og fátæku hjálparhönd.

Orðsk 21:24

Sá sem er hrokafullur, dramblátur, hann heitir spottari, sá sem gjörir allt af taumlausum hroka.

Orðsk 16:19

Betra er að vera lítillátur með auðmjúkum en að skipta herfangi með dramblátum.

Orðsk 16:18

Drambsemi er undanfari tortímingar, og oflæti veit á fall.

2Mós 18:11

Nú veit ég, að Drottinn er öllum guðum meiri, því að hann lét Egyptum hefnast fyrir ofdramb þeirra gegn Ísraelsmönnum.

Gagnrýni er stolt, - þetta snýst ekki um okkur, erum við ekki kölluð til að deyja sjálfum okkur?

Davíð fyrirmynd um auðmýkt - 2.Sam 15 og 16 / Sálmur 51

Overcoming Evil – Rick Joyner

Satans Cord of three strings – Þrefaldan þráð er ekki auðvelt að slíta Predikarinn 4:12

Við erum kölluð til að berjast fyrir þá sem enn eru ekki frjálsir.

Ef Drottinn hefði viljað að allt yrði okkur auðvelt, þá hefði hann getað bundið djöfulinn strax eftir upprisu sína. Enginn sigur fæst án bardaga. Bardagarnir eru okkur til handa – til að vaxa í trú og skapgerð, sem mun ákvarða þá yfirvaldsstöðu sem okkur verður treyst fyrir í komandi heimi.

Daniel vissi að menningarleg sár og syndir þyrftu iðrunar, jafnvel fyrir hönd feðra og forfeðra. Við munum ekki hafa vald yfir heimsvaldandi öflum fyrr en við viðurkennum og brjótum niður sömu öfl innan kirkjunnar sjálfrar.

Andlegt kynþáttahatur er jafn banvænt og annað kynþáttahatur, og það birtist þegar við dæmum aðrar kirkjur, hreyfingar eða einstaklinga sem óæðri eða hættulega – einfaldlega af því að þeir eru ekki hluti af okkar hópi.
Eins og áður hefur komið fram, þá styrkir kynþáttahatur dauðaandann – og þessi andi hefur sennilega drepið fleiri kirkjur og hreyfingar en nokkur annar óvinur.

Önnur afar mikilvæg hindrun í heiminum er gjáin á milli karla og kvenna. Hún tengist líka kynþáttahatri. Karlmaður getur ekki orðið eitt með eiginkonu sinni með því að gera hana að karli. Hann getur heldur ekki orðið sá sanni maður sem hann var skapaður til að vera, fyrr en hann lærir að tengjast konum á réttan hátt – með því að viðurkenna og kunna að meta mismuninn.

Eitt öruggasta merki sannrar auðmýktar er að vera móttækilegur fyrir kennslu.
Hæsta form auðmýktar birtist í vilja okkar til að láta leiðbeina okkur af einhverjum sem er ólíkur okkur sjálfum.

Það er athyglisvert að Drottinn sendi Pál til heiðingjanna en Pétur til Gyðinga.
Páll var farísei, Pétur var fiskimaður. Þetta sýnir okkur að Drottinn sendir okkur á staði þar sem við þurfum að vera algjörlega háð heilögum Anda, en ekki eigin styrk.

Við þurfum að greina án þess að treysta á fjölmiðla, því fjölmiðlar birta öfgaskoðanir á öllum og öllu, og gefa ekki rétta mynd af því sem raunverulega er að gerast í kirkjunni, heiminum, heimilunum og fjölskyldunum. Þetta á líka við um það hvernig aðrir líta á okkur sem trúað fólk – þeir sjá okkur í gegnum öfgar sem þeir hafa mótað í huga sínum með lygum og blekkingum óvinarins.

Við getum verið að greina rétt eitthvað hjá annarri kirkju eða einstakling. En hvernig við breðgðumst við skiptir öllu. Ætlum við að ásaka eða biðja, leiðrétta í kærleika. Orðskv 6: 12-15

Að heiðra föður og móður er gríðarlega mikilvægt og með göfugt fyrirheiti um langlífi, þetta á jafnt við um andlega feður og mæður í trúnni.

Mjög mikilvægt að heiðra gamla og nýja vínið ekki reyna að verja sitt eins og margir hafa fallið í grifju með og fordæmt gamlar og nýjar hreyfingar frá Guði, af því Guð notaði ekki viðkomandi. Jakob 3-13-18 & Fil 2:3-9



Fil 2:3-9 – LESA

JAKOB 3:13-18 LESA

Jóhannes 7:18 - Sá sem talar af sjálfum sér, leitar eigin heiðurs, en sá sem leitar heiðurs þess, er sendi hann, er sannorður og í honum ekkert ranglæti.